

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kratús ehf Hvalfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	30.5.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Kratús ehf	Eftirlitsmaður	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Matthías Matthíasson	ÍSAT nr.	3832
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	64,355088 -21,788370

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram fjögur ný frávik er varða skráningar, geymslu saltköku og eftirlitsmælingar. Unnið er skv samþykktari úrbótaáætlun vegna fjögurra eldri frávíka. Frestur til að vinna niður birgðir af síuryki og fínryki er til 1. desember 2017, frestur til að ljúka við viðbyggingu er til loka október 2016 og til að ljúka við frágang lóðar og að hreinsa til af lóð Kratusar og af nærliggjandi lóðum er til 31. desember 2016. Eldra frávik er varðar vinnslu með saltlausum feril er eftirfylgni hjá stofnuninni.

Auk þess var gerð ein athugasemd varðandi starfsemina varðandi útflutning á úrgangi.

UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á skoðunarferð í Vogatungu þar sem að rekstraraðili hefur tímabundna heimild til að geyma saltköku í skemmu.

Að lokinni skoðunarferð var gengið um verksmiðjuna á Grundartanga. Framkvæmdir við viðbyggingu á vinnsluhúsnæði standa yfir. Unnið er að undirbúningi á steypingu á gólfplötu. Á lóð Kratusar og á nærliggjandi lóðum eru gámar með hráefni, saltköku, álflökum, fínryki og síuryki en álflök eru einnig að hluta til undir berum himni. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er gjallsandi hellt á gólfid og honum svo mokað upp í bíla sem keyra hann í Helgúvík til skolonar. Búist er við að úrbótaáætlun standist og að unnt sé að taka viðbyggingu í notkun í byrjun nóvember og að lokið verði við frágang lóðar um áramót 2016-2017.

Að lokinni skoðunarferðinni var sest niður á fund þar sem að farið var yfir teikningar að viðbyggingu, skráningar skv grein 3.2 í starfsleyfi og úrbótaáætlanir útstandandi frávíka. Heimild til að vinna álgjall með saltlausum feril liggur ekki fyrir. Rekstraraðili hefur óskað eftir tímabundinni breytingu á starfsleyfi og er erindið í vinnslu hjá Umhverfisstofnun. Rætt var um fyrirætlanir um frekari vinnslu á saltköku á Grundartanga. Viðbótarferillinn skiptist í tvo hluta, þurrvinnslu og votvinnslu. Þurrvinnsluferillinn hefur verið prófaður í Bretlandi eru áætlanir um að flytja búnaðinn á Grundartanga nú í sumar og hefja vinnslu með honum í kjölfarið. Votferillinn er ennþá á þróunarstigi. Rekstraraðili stefnir á að nota núverandi hreinsivirki fyrir afsog af þurrferlinum en á ennþá hreinsivirkið sem notað var fyrir breytingar ef á þarf að halda.

Farið var yfir skráningar skv. grein 3.2 í starfsleyfi.

Fylgst er með áhlutfalli í hráefni með skráningum á hráefni inn í ofninn og hversu mikið ál næst úr endurvinnsluferlinum. Minnt var á kvörðun búnaðar en ekki er haldið utanum slíkar skráningar í rekstrarhandbókinni. Rætt var um eftirlit með ástandi poka og eftirlitsprófanir á gámum. Stefnt er að því að skipta út öllum pokum í hreinsivirki í haust og reglulega er gerð sjónskoðun á virkjunum. Gámar eru reglulega teknir út af flutningsaðilum. Ekki eru skráningar um þessi atriði í rekstrarhandbók. Enginn útflutningur á saltköku hefur farið fram síðast liðið ár (eftir breytingar á verksmiðjunni). Rekstraraðili er með útflutningsleyfi upp á 2000 tonn í gildi en þar sem að rekstraraðili hyggst flytja út næsta farm með skipi en ekki í gámum, þarf breytingu á leyfinu. Útflutningsleyfið rennur út í sumar. Búist er að panta skip til að flytja út álflök og saltköku sem er væntanlegt í júlí. Útblástursmælingar voru gerðar um miðjan maí en niðurstöður þeirra liggja ekki fyrir.

Áætlað er að tæp 2000 tonn af Saltköku sé í Vogatungu og um 700 tonn af í gámum á Grundartanga. Samkvæmt skráningum rekstraraðila eru nú um 480 tonna birgðir af fínryki og 47 tonn af síuryki, en rekstraraðili er með samþykktari úrbótaáætlun um að vinna fínrykið og síurykið niður á næstu 18 mánuðum. Rekstraraðili er einnig að leita endurvinnsluaðila og stefnir á að flytja út prufugám af síuryki til endurvinnslu. Um 2000 tonn af gjallsandi hefur verið skolaður og urðaður í flæðigrýfju Norðuráls og um 150 tonn af skoluðum gjallsandi er við skolgrýfju í Helgúvík sem bíður skolonar. Um 600-700 tonn af álflökum eru á lóð Kratusar og nærliggjandi lóðum.

Að lokum var rekstraraðili minntur á að senda erindi til Umhverfisstofnunar á ust@ust.is svo það berist til réttara aðila innan stofnunarinnar.

Frávik frá

Grein 2.14 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Við skoðun á skemmu þar sem að saltkaka er geymd kom í ljós hún er

ekki nægilega varin fyrir raka þar sem að gat er á þaki og klæðningu á hlið skemmunnar.

Grein 3.1 í starfsleyfi

Engar útblástursmælingar voru gerðar árið 2015 en í starfsleyfinu er kveðið á um amk árlegar mælingar í útblæstri. Útblástursmælingar voru framkvæmdar um miðjan maí og niðurstöður úr þeim liggja ekki fyrir.

ATHUGASEMDIR

Skráningar á kvörðun og eftirliti mengunarvarnaránaða vantaði í rekstrarhandbók en skjöl varðandi það voru send eftirlitsaðila í tölvupósti 8.júlí sl. og upplýst að framvegis verði þessar upplýsingar gefnar upp í rekstrarhandbókinni.

Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er stefnt að útflutningi saltköku á áflaka með skipi á næstu vikum. Ljóst er að einugis er unnt að flytja út hluta af saltköku sem hefur safnast upp í þessum farmi. Umhverfisstofnun mælist til að rekstraraðili hefji strax undirbúning að nýju útflutningsleyfi til að flytja út birgðir af saltköku. Jafnframt minnir stofnunin á að geymsla á saltköku í skemmu að Vogatungu var veitt tímabundið. Þegar viðbygging vinnsluhúsnæðis að Grundartanga er komin í gagnið áformar stofnunin að afturkalla leyfi fyrir geymslu saltköku að Vogatungu.

ANNÆÐ

Eftirlitsaðili rak augun í sjónvarpsþátt þar sem að fjallað var um starfsemi Kratusar en í þættinum var sagt að fyrirtækið hétu Alur álvinnsla. Minnt var á að nafnabreytingar á fyrirtækinu ber að tilkynna til Umhverfisstofnunar. Um mistök voru að ræða og gengur Kratus ennþá undir nafninu Kratus ehf.

Reykjavík, 27.07.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Halla Einarsson